Nd. **924. Frumvarp**

til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Víxilmál má höfða og sækja fyrir gestarétti í þinghá þeirri, þar sem víxillinn á að greiðast.

2. gr.

Nú er víxilmál eigi rekið fyrir gestarétti, og skulu þó frestir allir vera sem í gestaréttarmálum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um sérstakt varnarþing í víxilmálum, nr. 33 11. júlí 1911. Síðastnefndum lögum skal þó beita um tékka, er út voru gefnir áður en þessi lög öðlast gildi.